Tungumálaver, sími: 5887509, http://tungumalaver.reykjavik.is/

# Fréttir úr Tungumálaveri

4. tölublað

April 2012

*Kærlighed og venskab, fælles mål og interesser overkommer fleste sociale og sproglige barrikader.* Höf. óþ.

**Minnisblað frá ráðstefnu Félags dönskukennara sem haldin var 16. mars 2012 er komið á Dönskutorgið.**

- Minnt er á þátttöku kennara við gerð hæfniviðmiða aðalnámskrár.
- Tungumálanám og tækni: samþætt verkefni, tæki og tól.
- Tungumálanám og dyslexía.
- Viðhorf íslenskra unglinga til dönskunáms og -kennslu.
- Um samskipti og tungutak kennslunnar.
- Tungumálanám og samvinna við nemendur í Danmörku.



## Úr verinu

- Nemenda-og foreldraviðtöl í pólsku 11. apríl fyrir 7. og 8. bekk.
- Utvecklingssamtal fyrir 9. og 10. bekk í sænsku 11.—13. apríl.
- Oktawia Aurelia Borowska, pólskur nemandi í 10. bekk í Hagaskóla tekur þátt í alþjóðlegri ritgerðakeppni *Að vera pólskur .* Hún kallar verkefnið sitt: *Að vera pólsk í augum íslenskra vina.*
- 21. mars komu 20 kennaranemar frá Þrándheimi ásamt kennurum í heimsókn.

## Af vettvangi

Smelltu

**Ráðstefna FEKÍ: *Making sense through writing*.** An international conference for everyone in language education June 7 – 9, 2012. **Skráning fyrir 15 apríl**.




## Íslenska fyrir börn erlendis

**Netskólinn** býður upp á námskeið fyrir íslensk börn, sem eru búsett utan Íslands. Umsjón með námskeiðunum hafa Edda sem í Danmörku og Ásgerður í Bandaríkjunum. Um 20 börn eru skráð í skólann: 6 frá Noregi, 2 frá Danmörk og svo börn búsett í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Hollandi, Austurríki, Frakklandi, Malawi og Luxemborg.

**Leikur, nám og skemmtun á íslensku** fyrir íslensk börn sem búa í útlöndum: sjá **http://skoli.eu**

### Tungumálin og atvinnulífið í Noregi



Í Noregi hvetja forkólfar atvinnulífsins til kennslu í tungumálum í grunn– og framhaldsskólum landsins. Þeir hafa sagt að þörf sé fyrir fólk með mikla og góða tungumálakunnáttu, ekki bara í hefðbundnum tungumálum eins og ensku, þýsku, frönsku og spænsku heldur t.d. kínversku þar sem þeir segja að Kína verði einn af mikilvægustu mörkuðum framtíðarinnar og leiðin er gegn um skólakerfið. Einhverjir skólar hafa að auki tekið upp kennslu í arabísku og tyrknesku. Hverjar eru þarfir íslensks atvinnulífs?

Vårvisan av ***Mora TräSk***

*Det droppar och det skvalar*
*Och vintern har tagit slut*
*Solen värmer marken*
*Och knopparna slår ut*
*Ta av dig tjocka pälsen*
*Och sola dig och njut*



### Námskráin í erlendum tungumálum er í mótun.

Kennarar eru hvattir til að nýta tækifærið að hafa áhrif á mótun hæfniviðmiða á slóð **http://tungumalatorg.is/ns-1**

Óskað er eftir tillögum frá kennurum í grunn– og framhaldsskólum. Þeir eru beðnir um að botna setninguna: *Við lok grunnskóla getur nemandi* … í öllum skráðum færniþáttum. Miðað er við að drög verði sett á vef í lok apríl.

**Ábm. Brynhildur Anna Ragnarsdóttir**
**brynhildur.a.ragnarsdottir@reykjavik.is**